



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/1380
komudagur 2.4.2014

2. apríl 2014

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (flutningur verkefna, stofnun sjóðs ofl.), 319. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins og Landssambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi, 319. mál. Beðist er velvirðingar á hve seint þessi umsögn berst.

Samtökin taka undir sjónarmið sem fram koma í umsögn Landssambands fiskeldisstöðva.

Sérstaklega taka samtökin undir áhyggjur LF af gildissviði ábyrgðartryggingar fyrir útgáfu rekstrarleyfis. Eldisfyrirtækjum er gert að hafa ábyrgðartryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þess vegna verður að takmarka ákvæði 9. gr. b. í frumvarpinu þannig að það taki einungis til þess að fjarlægja búnað þegar starfsemi er hætt svo ekki sé verið að tvítryggja sama hlutinn. Auk þess gera tryggingafélög kröfu um nákvæma skilgreiningu á tjónsatburði áður en þau fallast á að veita trygginguna. Hættan er sú að með orðalagi greinarinnar fái engin trygging og þar með verði ekkert fiskeldi byggt upp.

Samtökin taka einnig undir áhyggjur LF varðandi heimildir og í raun skyldu stjórnvalda til að afturkalla rekstrarleyfi aðila. Verið er að setja upp matskenndar heimildir til afturköllunar, t.d. „*ef reksturinn hefur ekki náð markmiðum sínum*“, en þessi rekstur getur verið sveiflukennður, háður náttúruvari, mörkuðum og öðrum óviðráðanlegum breytilegum aðstæðum. Því er nauðsynlegt að fyrirtækin hafi sveigjanleika í rekstri svo að árangur náist af fiskeldinu.

Samtökin hafa kynnt sér umsagnir stjórnsýslustofnana um frumvarpið. Í umsögnunum kemur fram mikil tregða stofnananna til nokkurra breytinga og þær finna einföldun sem ætlunin er að ná fram með frumvarpinu allt til foráttu. Kostnaður þeirra muni aukast, ekki sé til staðar skipulag hafsvæða (en frumvarpinu er einmitt ætlað að greiða úr því hvernig leyfum skuli úthlutað), frumvarpið stangist á við önnur lög og ekki sé ætlunin að ræða neitt við Náttúrufræðistofnun.

Það virðist mega lesa það úr umsögn Umhverfisstofnunar að það sé nánast ekki unnt að veita fiskeldisfyrirtækjum starfsleyfi vegna skorts á lögbundnu skipulagi. Stofnunin lýsir því einnig hvað málsmeðferðartími hennar sé langur og verður að segjast að sá tími er ekki stofnuninni til hróss. Reyndar hefur stofnunin verið þekkt fyrir að draga veitingu starfsleyfa fyrirtækja þar sem komið er að endurnýjun árum saman þannig að þau hafa þurft sérstaka undanþágu til starfsemi sinnar frá ráðherra.

Allt ber þetta að sama brunni. Það virðist lítil skilningur á nauðsyn uppbyggingar nýrrar atvinnustarfsemi hér á landi. Reynt er eftir föngum að hafa leyfisveitingar eins flóknar og kostur er. Ef reynt er að einfalda hluti rísa upp, með klærnar á lofti, stofnanir sem einungis virðast vera að tryggja eigin stöðu og tekjur.



Samtökin hafa fagnað sérstaklega í umsögnum um önnur mál til nefnda Alþingis vilja ríkisstjórnarinnar sem fram kemur í stefnuyfirlýsingu hennar þar sem segir: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri. Sérstakt markmið er að engar nýjar íþyngjandi reglur verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafnveigamiklar kvaðir. Þannig munu heildaráhrif regluverksins þróast í rétta átt.“

Samtökin skora á atvinnuveganefnd að hafa þessi orð að leiðarljósi og beita sér fyrir því að einföldun starfs- og rekstrarleyfa fyrirtækja geti orðið sem víðast m.a. í fiskeldi. Á það er minnt að fiskeldi er atvinnugrein sem er í gríðarlegum vexti víða um heim og aðstæður hér á landi eru þannig að unnt er að byggja upp verulega starfsemi. Þess vegna er mikilvægt að reglur séu einfaldar og skýrar, það sé auðvelt að sækja um leyfi, afgreiðsla þeirra taki sem skemmstan tíma og kostnaður við leyfisveitingu hóflegur.

Ein besta leiðin til að lífskjör hér á landi batni og verði sambærileg við það sem gerist í nálægum ríkjum er að greiða fyrir fjárfestingum. Þannig eykst verðmætasköpun og atvinna og um leið skatttekjur hins opinbera. Þar má Alþingi ekki láta stofnanir ráðuneytanna villa sér sýn.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna